

Fjallskilaseðill á Skarðsströnd 2017

Fjallskil á Skarðsströnd haustið 2017 skulu vera sem hér segir:

Fyrsta leit laugardaginn 16. september, réttarhald sunnudaginn 17. september kl 11:00

Önnur leit laugardaginn 30 september.

Skilarétt 1. október kl. 14:00

Hamli veður leit skal leita næsta færa dag.

Leitarstjórar skulu vera:

Landamerki Saurbæjar og Skarðsstrandar að Tindagili: Guðmundur K. Gíslason.

Tindagil að Hrískinnaskotti: Hilmar J. Kristinsson

Hrískinnaskott að Klofningi: Þórður Baldursson.

Gert hefur verið samkomulag við fjallskiladeild Saurbæjar um að ekki verði sendir réttarmenn á milli þessara deilda og hvor dragi fyrir hina og flutningur greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar. Flutningskostnaður milli rétta er metinn 40 kr á vetrarfóðraða kind, ekki er greitt fyrir flutning innan deildar.

Þeir sem vilja sækja fé sitt sjálfir í útréttir og vera undanþegnir gjaldtöku í flutningssjóð, sendi sveitarstjóra skriflegt erindi þar um. Erindið skal berast á skrifstofu Dalabyggðar fyrir klukkan 12:00 miðvikudaginn 6. september 2017.

Dagsverk er metið á krónur 11.310 og eru 31 kindur í dagsverki.

Öllum jarðeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnu fé til réttar áður en réttarhald hefst.

Verði smölunarskyldu þessari ekki sinnt, getur sveitarstjórn látið smala landið á kostnað eigenda sbr. 39. gr. laga nr 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil og fleira. Vanti leitarmenn er leitarstjóra heimilt að ráða menn á kostnað hlutaðeigenda.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Gjalddagi fjallskilagjalda er 1. október og eindagi 31. október.

Ytri-Fagradal, 29 ágúst 2017.

Þórður Baldursson. Ólafur Eggertsson. Guðmundur Gíslason.